

Nd.

**251. Nefndarálit**

[45. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar ferðaskrifstofanna þriggja, sem starfandi eru í Reykjavík, og einnig umsagnar Sambands veitingahúsa- og gistihúsa-eigenda. Umsögn hefur ekki horizt frá síðastnefnda aðilanum, en tvær ferðaskrifstofurnar, Orlof og Ferðaskrifstofa Geirs H. Zoëga, mæla með frv. Hins vegar vill Ferðaskrifstofa ríkisins láta fella frv.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála í afstöðu sinni til málsins. Tveir nefndarmanna (ÁB og JG) vilja láta fella frv., en undirritaðir telja rétt að samþykkja það.

Meiri hl. nefndarinnar telur ástæðulaust, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi einkarétt til að taka á móti erlendum ferðamönnum. Í gildandi lögum er heimild fyrir ráðherra að veita undanþágu frá einkaréttarákvæðinu, ef um er að ræða aðila, er starfrækt hafa ferðaskrifstofu áður en einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins var lögfestur, en sú undanþága er bundin við umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa. Úr því að beinlínis er þannig ráð fyrir því gert, að fleiri ferðaskrifstofur annist fyrirgreiðslu útlendra ferðamanna en Ferðaskrifstofa ríkisins, þá telur meiri hl. nefndarinnar ástæðulaust að útiloka aðra, sem kunna að hafa góða aðstöðu til að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir útlenda ferðamenn, þótt þeir hafi eigi rækt þá þjónustu fyrir þann tíma, er Ferðaskrifstofa ríkisins fékk einkarétt sinn.

Einn nefndarmanna (LJós) tekur sérstaklega fram, að meðmæli hans með frv. feli ekki í sér neitt vantraust á Ferðaskrifstofu ríkisins, enda telur hann sjálfsagt, að hún starfi áfram að sömu verkefnum og hingað til. Aðrir í meiri hl. n. telja hins vegar nauðsynlegt að taka til athugunar, hvort ekki sé rétt að breyta starfsháttum Ferðaskrifstofu ríkisins eða jafnvel leggja hana niður.

Alþingi, 14. nóv. 1952.

Sigurður Bjarnason,  
form.

Magnús Jónsson,  
frsm.

Lúðvík Jósefsson.